

12. gr.

94

12. júní

Komi það fyrir seinna meir, að fulltrúi Bandamanna afsali forkaupsrjetti sínum, má útflutningsnefndin flytja vörur út til viðtakanda í löndum Bandamanna, Bandaríkjanna í Norður-Ameríku, eða til viðurkendra viðtakenda í viðurkendum hlutlausum löndum að álitum Bandamanna. Um þessa vöru gilda þó sömu reglur og ákvæði, sem þegar eru tekin fram.

Fulltrúi Bandamanna hefir fallist á fyrst um sinn, að sinna öllum framboðum, sem kunna að koma á alskonar lýsi, samkvæmt þessum reglum.

Reykjavík, 12. júní 1918.

Thor Jensen, Pjetur Jónsson. O. Benjaminsson.
p. t. form.

Reglugjörð

95

13. júní

um sölu og úthlutun á brensluspíritus í Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 5, 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófríðnum eru hjer með sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Bannað er að selja brensluspíritus í Reykjavík nema gegn sedlum, útgefnum að tilhlutun bæjarstjórnar, sem annast allar frekari framkvæmdir reglugjörðar þessarar.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum alt að 1000 kr. og fer um mál út af brotum sem önnur lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 13. júní 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Ávarp

til framleiðanda og annara.

Frá útflutningsnefndinni.

Landsmönnum mun kunnugt, að landsstjórnin hefir gert samning við stjórnir Bandamanna um kaup og aðflutning á öllum þeim nauðsynjavörum sem landið einkum mun þarfnast fram að 1. maí 1919, en til þess að innflutningsheimildir fengjust, hafa stjórnir Bandamanna áskilið sjer forkaupsrjett á öllum helstu afurðum landsins, sem ekki verða hagnýttar í landinu sjálfum, með þeim kjörum sem þegar hafa verið birt í nokkrum atriðum, en að öðru leyti munu verða birt hið allra bráðasta fyrir hverja vörutegund út af fyrir sig. Jafnframt er það áform Bandamanna, að krefjast afhendingar á allri þessa árs framleiðslu ullar og lýsis, svo og meiri hluta fiskjarins, eða máské alls, og enn fleiri vara, alt með fastákveðnu verði samkvæmt samningnum.

Þessir skilmálar, hversu sem um þá verður dæmt, voru ófrávíkjanleg skilyrði fyrir því, að landið yrði ekki sett í algert aðflutningsbann, sem tæki fyrir alla lífsvon atvinnuveganna og þannig stofnuðu þjóðinni beinlínis og óbeinlínis í hinn mesta voða af matvælastorti og klæðleysi. — Og þess vegna hefir landsstjórnin með samráði Alþingis undirgengist þá.

En eins og ráðstafanir landsstjórnarinnar verða að teljast óhjákvæmilegar, eins er það nauðsynlegt að landsmenn, framleiðendur og aðrir, geri sitt til þess, að fullnægja samningnum hiklaust, og sem kostnaðarminst sjálfum sjer og landinu í heild. Það mun flestum ljóst, að slíkum samningi, sem þing og stjórn þannig hefir gert landinu til bjargar, er skylt að fullnægja, enda hefir Alþingi og landsstjórnin þegar gert, og mun vafalaust gera frekari ráðstafanir sem til þess